

22. JÚNÍ 2021

Heimstaden

VIÐAUKI VIÐ TILBOÐSYFIRLIT DAGS. 3. MAÍ 2021

Uppfært tilboð af hálfu A/F HEIM slhf. um kaup á öllum

útistandandi skuldabréfum í flokkunum:

HEIMA071225 (ISIN: IS0000030799)

HEIMA071248 (ISIN: IS0000030807)

HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381)

útgefnum af Heimstaden ehf. (áður Heimavellir hf.)

Tilboðsverð: 100% útistandandi höfuðstólsfjárhæðar hvers skuldabréfs, auk áfallinna en ógreiddra vaxta og verðbóta. Til viðbótar greiðir kaupandi tiltekna þóknun í peningum.

Greiðsluform: Ný skuldabréf, sem tekin verða til viðskipta í kauphöll.

Samþykkisfrestur: Til (og með) 5. júlí 2021, kl. 16:00

að íslenskum tíma (nema framlenging verði veitt).

Ráðgjafar í tengslum við kaup skuldabréfanna:

A / F
ARCTICA FINANCE

KPMG
Law

VIÐAUKI

1. TILBOÐIÐ

Viðauki þessi („viðaukinn“) er gerður við tilboðsyfirlit, dags. 3. maí 2021 („tilboðsyfirlitið“), útgefið af A/F HEIM slhf., kt. 490321-0120, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („kaupandi“). Samkvæmt tilboðsyfirlitinu gerði kaupandi tilboð þar sem kaupandi bauðst til að kaupa öll skuldabréf sem skráð eru á skuldabréfamarkað í Nasdaq Iceland kaophöllinni og gefin hafa verið út af Heimstaden ehf., kt. 440315-1190, Lágmúla 6, 108 Reykjavík, (áður Heimavellir hf.) („Heimstaden“) í eftirfarandi útgáfum („tilboðin“):

Útgáfuheiti:	ISIN:
HEIMA071225	IS0000030799
HEIMA071248	IS0000030807
HEIMA100646	IS0000027381

Hugtök sem skilgreind eru í tilboðsyfirlitinu skulu hafa sömu merkingu í viðaukanum.

Með viðaukanum eru gerðar nánar tilgreindar breytingar á tilboðunum, til hagsbóta fyrir skuldabréfa-eigendur. Tilvísanir í tilboðsyfirlitinu til tilboðanna, skulu teljast tilvísanir til tilboðanna með þeim breytingum sem fram koma í viðaukanum. Að því marki sem breytinga er ekki sérstaklega getið í viðaukanum eru tilboðin óbreytt frá því sem fram kemur í tilboðsyfirlitinu og er sérstaklega áréttað að tilboðsverðið helst óbreytt frá því sem fram kemur í tilboðsyfirlitinu.

2. BREYTINGAR Á TILBOÐUNUM

Hækkuð þóknun

Þóknunin sem kaupandi býðst til að greiða hverjum skuldabréfaeiganda í peningum, í hlutfalli við hlutdeild skuldabréfaeigandans í heildarútgáfu hvers skuldabréfaflokks eldri skuldabréfanna, er hér með hækkuð frá því sem tilgreint er í tilboðsyfirlitinu. Heildarþóknunin sem kaupandi býðst nú til að greiða skuldabréfaeigendum, sem eiga skuldabréf í hverjum skuldabréfaflokki, nemur samtals (en ekki til hvers og eins skuldabréfaeiganda) hundraðshluta af heildarskuld samkvæmt viðkomandi skuldabréfaflokki þann 20.5.2021 í samræmi við neðangreint:

Skuldabréfaflokkur:	Hundraðshluti (%) sem greiðist í þóknun:
HEIMA071225	0,78%
HEIMA071248	2,01%
HEIMA100646	1,43%

Samþykkisfrestur framlengdur

Samþykkisfresturinn skal nú vera til og með kl. 16:00 þann 5. júlí 2021

Breyttur uppgjörsdagur

Uppgjörsdagur skal nú vera 12. júlí 2021.

Breyting varðandi sjálfskuldarábyrgð og skilyrt samþykki skuldabréfaeigenda

Heimstaden AB (publ), skráð undir númerinu: 556670-0455, Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Svíþjóð (eða beint eða óbeint dótturfélag þess) („**Heimstaden AB**“) mun undirgangast samning gagnvart kaupanda, sem felur í sér að Heimstaden AB taki á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir öllum skuldum Heimstaden samkvæmt seljandalánunum („**sjálfskuldarábyrgðin**“), líkt og fram kom í tilboðsyfirlitinu. Sú breyting er hins vegar verið gerð frá því sem tilgreint var í tilboðsyfirlitinu að í stað þess að sjálfskuldarábyrgðin öðlist ekki gildi fyrr en öll eldri skuldabréfin hafa verið tekin úr viðskiptum í kauphöllinni og Heimstaden AB hefur, beint eða óbeint, eignast allt hlutafé í Heimstaden, þá öðlast sjálfskuldarábyrgðin gildi samhliða því að skuld samkvæmt seljandalánunum verður til en skuldir samkvæmt seljandalánunum verða til við uppgjör samkvæmt tilboðunum. Þá er athygli ennfremur vakin á því að heimilt er og skylt að Heimstaden AB framselji skyldur samkvæmt sjálfskuldarábyrgðinni til Heimstaden Bostad AB, skráð undir númerinu: 556864-0873 Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Svíþjóð („**Heimstaden Bostad AB**“) ef eignarhald á öllu hlutafé í Heimstaden er fært frá Heimstaden AB til Heimstaden Bostad AB. Form að sjálfskuldarábyrgðinni, eins og forminu hefur verið breytt, má sjá í viðauka 6 við viðaukann við rammasamninginn.

Uppfærð samþykkiseyðublöð fyrir skuldabréfaeigendur er að finna í fylgiskjöllum 1-3 við viðaukann en sú breyting hefur verið gerð á samþykkiseyðublöðunum að þau tilgreina nú að samþykki skuldabréfaeigenda sé bundið fyrirvara um þau skilyrði að samhliða uppgjöri verði sjálfskuldarábyrgðin virk og að uppgjör fari fram á uppgjörssdegi.

Breytingar á öðrum skjölum tengdum tilboðunum

Kaupandi, Heimstaden og Arctica Finance hf. (sem umsjónaraðili) hafa gert viðauka, dags. 22. júní 2021 við rammasamninginn, sbr. fylgiskjal 4 („**viðaukinn við rammasamninginn**“), sem varðar þær breytingar á tilboðinu sem gerðar eru með viðaukanum.

Nýju skuldabréfin verða áfram gefin út í nafnverðseiningum sem endurspegla uppreiknað nafnverð eldri skuldabréfanna miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, auk áfallinna en ógreiddra vaxta á uppgjörssdegi en nafnverðsfjárhæð þeirra breytist frá því sem tilgreint var í tilboðsyfirlitinu og verður uppreiknuð með hliðsjón af breyttum uppgjörssdegi (sjá hér á eftir). Þá verða fjárhæðir, gjalddagar, vísitölur og annað slíkt uppfært/uppreiknað miðað við uppgjörssdag. Ákvæðum nýju skuldabréfanna hefur að öðru leyti verið breytt til að að endurspegla þær breytingar sem gerðar eru með viðaukanum. Sjá nánar:

Útgáfa sem kaupandi býðst til að kaupa:	Nýju skuldabréfin sem nýtt verða sem greiðsluform:
HEIMA071225	Sjá fylgiskjal 5
HEIMA071248	Sjá fylgiskjal 6
HEIMA100646	Sjá fylgiskjal 7

Seljandalánin uppfærð

Ákvæðum seljandalánanna hefur jafnframt verið breytt til að endurspegla þær breytingar sem gerðar eru með viðaukanum. Sjá nánar:

Útgáfa sem Heimstaden býðst til að kaupa af kaupanda:	Seljandalán sem nýtt verða sem greiðsluform:
HEIMA071225	Sjá fylgiskjal 8

HEIMA071248	Sjá fylgiskjal 8
HEIMA100646	Sjá fylgiskjal 10

Uppfærð form að tryggingarbréfum, veðsamningum og öðrum skjölum sem varða annars vegar veðréttindi til tryggingar skuldbindingum kaupanda samkvæmt nýju skuldabréfunum og til tryggingar á skuldbindingum Heimstaden samkvæmt seljandalánunum, má finna í viðaukum 2 – 15 við rammamninginn eins og honum var breytt með viðaukanum við rammamninginn (sjá fylgiskjal 4).

3. LÖG OG VARNARÞING

Um tilboðin, tilboðsyfirlitið, viðaukann og samskipti og samninga aðila á grundvelli þeirra gilda íslensk lög.

Komi upp ágreiningur í tengslum við viðaukann eða tilboðin eins og þeim er breytt með viðaukanum sem ekki tekst að leysa úr skal einungis heimilt að höfða dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þrátt fyrir framangreint, skal kaupanda heimilt að höfða dómsmál á heimilisvarnarþingi skuldabréfaeiganda eða öðru viðeigandi varnarþingi ef nauðsynlegt er til að kaupandi geti aflað aðfararhæfs dóms fyrir kröfum á grundvelli tilboðanna.

ATHUGIÐ: AFHENDING, BIRTING EÐA DREIFING Á VIÐAUKA ÞESSUM EÐA GÖGNUM SEM VÍSAÐ ER TIL Í HONUM Í ÖÐRUM RÍKJUM EN ÍSLANDI KANN AÐ VERA ÓLÖGLEG EÐA TAKMÖRKUNUM HÁÐ. ÞESSUM VIÐAUKA VIÐ TILBOÐSYFIRLIT OG TENGÐUM SKJÖLUM ER EINUNGIS BEINT TIL ÍSLENSKRA AÐILA Á ÍSLANDI. ÆTLI AÐILAR, SEM VIÐAUKA ÞESSUM VIÐ TILBOÐSYFIRLIT ER BEINT TIL, AÐ AFHENDA, BIRTA EÐA DREIFA VIÐAUKA ÞESSUM VIÐ TILBOÐSYFIRLIT EÐA TENGÐUM GÖGNUM TIL ERLENDRA AÐILA EÐA AÐILA UTAN ÍSLANDS, ÆTTU ÞEIR OG VIÐTAKENDUR AÐ KYNNA SÉR OG FYLGJA ÞEIM LÖGUM OG REGLUM SEM UM SLÍKT GILDA Í VIÐKOMANDI RÍKI.

FYLGISKJAL 1
SAMÞYKKISEYÐUBLAÐ

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í flokknum HEIMA071225 -

Vísað er til tilboðsyfirlits, dags. 3. maí 2021, eins og því hefur verið breytt með viðauka, dags. 22. júní 2021 („**tilboðsyfirlitið**“), þar sem fram kemur tilboð A/F HEIM til allra eigenda skuldabréfa í flokknum HEIMA071225 (IS0000030799) um að A/F HEIM slhf. kaupi öll útgefin skuldabréf í flokknum á verði (tilboðsverð) sem samsvarar útistandandi höfuðstólsfjárhæð viðkomandi skuldabréfa, uppreiknuðu m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í samræmi við útgáfulýsingu HEIMA071225, auk áfallinna en ógreiddra vaxta á uppgjörssdegi, í samræmi við fyrrgreinda útgáfulýsingu og með greiðslu í formi nýrra skuldabréfa („**ný skuldabréf**“) að höfuðstólsfjárhæð sem samsvarar tilboðsverðinu („**tilboðið**“).

Skuldabréfaeigandi („**tilboðshafi**“)

Kennitala

Heimilisfang

Sími

Netfang

er eigandi skuldabréfa í flokknum HEIMA071225 (IS0000030799) að nafnverði:

krónur

(hér eftir nefnd „**skuldabréfin**“).

Tilboðshafi samþykkir hér með tilboðið með þeim skilyrðum og skilmálum sem fram koma í tilboðsyfirlitinu með fyrirvara um að samþykkið er háð þeim skilyrðum að „sjálfskuldarábyrgðin“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu) hafi orðið virk eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna og að uppgjör viðskiptanna fari fram á „uppgjörssdegi“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu). Með undirritun af sinni hálfu á samþykkiseyðublað þetta staðfestir og samþykkir tilboðshafi eftirfarandi:

- Tilboðshafi hefur kynnt sér ítarlega efni tilboðsyfirlitsins og skilur skilmála og skilyrði tilboðsins.
- Greiðsla tilboðsverðsins í formi nýrra skuldabréfa skal fara fram með afhendingu þeirra inn á eftirfarandi verðbréfareikning tilboðshafa og telst slík afhending fela í sér fullar efndir gagnvart tilboðshafa á þeim hluta tilboðsverðsins sem greiða skal með skuldabréfum:
Vörsluaðili: _____ Nr. vörslureiknings.: _____
- Tilboðshafi er lögformlegur og raunverulegur eigandi skuldabréfanna og tilboðshafa er heimilt að selja skuldabréfin og sala þeirra til A/F HEIM slhf. brýtur ekki í bága við nein lög eða reglur sem um tilboðshafa gilda.
- Skuldabréfin eru veðbanda- og kvaðalaus.
- Greiðsla þóknunar skal fara fram með millifærslu inn á eftirfarandi bankareikning:
kt. reikningseiganda: _____ Banki: _____ Reikningsnr.: _____
- Tilboðshafi heimilar Arctica Finance hf. að kanna eignarskráningu yfir skuldabréfunum hjá verðbréfamiðstöð til að ganga úr skugga um að hægt sé að fá breytingu á eignarhaldi skuldabréfanna skráða í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.
- Jafnframt heimilar tilboðshafi og veitir fullt og ótakmarkað umboð til Arctica Finance hf. til að gera allt það sem nauðsynlegt kann að vera til að A/F HEIM slhf. verði skráður eigandi skuldabréfanna, enda hafi tilboðshafi fengið greiðslu í samræmi við tilboðið og sjálfskuldarábyrgðin sé orðin eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna. Sé frekari aðgerða þörf af hálfu tilboðshafa til að A/F HEIM slhf. verði réttilega skráð eigandi skuldabréfanna skuldbindur tilboðshafi sig til að grípa til slíkra aðgerða án ástæðulauss dráttar eftir að beiðni um slíkt hefur borist tilboðshafa.

Staður og dagsetning

Undirritað f.h. tilboðshafa

Vottar að rétttri undirritun, dags. og yfirlýsingu um fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

FYLGISKJAL 2
SAMÞYKKISEYÐUBLAÐ

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í floknum HEIMA071248 -

Vísað er til tilboðsyfirlits, dags. 3. maí 2021, eins og því hefur verið breytt með viðauka, dags. 22. júní 2021 („**tilboðsyfirlitið**“), þar sem fram kemur tilboð A/F HEIM slhf. til allra eigenda skuldabréfa í floknum HEIMA071248 (IS0000030807) um að A/F HEIM slhf. kaupi öll útgefin skuldabréf í floknum á verði (tilboðsverð) sem samsvarar útistandandi höfuðstólsfjárhæð viðkomandi skuldabréfa, uppreiknuðu m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í samræmi við útgáfulýsingu HEIMA071248, auk áfallinna en ógreiddra vaxta á uppgjörssdegi, í samræmi við fyrrgreinda útgáfulýsingu og með greiðslu í formi nýrra skuldabréfa („**ný skuldabréf**“) að höfuðstólsfjárhæð sem samsvarar tilboðsverðinu („**tilboðið**“).

Skuldabréfaeigandi („**tilboðshafi**“)

Kennitala

Heimilisfang

Sími

Netfang

er eigandi skuldabréfa í floknum HEIMA071248 (IS0000030807) að nafnverði:

krónur

(hér eftir nefnd „**skuldabréfin**“).

Tilboðshafi samþykkir hér með tilboðið með þeim skilyrðum og skilmálum sem fram koma í tilboðsyfirlitinu með fyrirvara um að samþykkið er háð þeim skilyrðum að „sjálfskuldarábyrgðin“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu) hafi orðið virk eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna og að uppgjör viðskiptanna fari fram á „uppgjörssdegi“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu). Með undirritun af sinni hálfu á samþykkiseyðublað þetta staðfestir og samþykkir tilboðshafi eftirfarandi:

- Tilboðshafi hefur kynnt sér ítarlega efni tilboðsyfirlitsins og skilur skilmála og skilyrði tilboðsins.
- Greiðsla tilboðsverðsins í formi nýrra skuldabréfa skal fara fram með afhendingu þeirra inn á eftirfarandi verðbréfareikning tilboðshafa og telst slík afhending fela í sér fullar efndir gagnvart tilboðshafa á þeim hluta tilboðsverðsins sem greiða skal með skuldabréfum:
Vörsluaðili: _____ Nr. vörslureiknings.: _____
- Tilboðshafi er lögformlegur og raunverulegur eigandi skuldabréfanna og tilboðshafa er heimilt að selja skuldabréfin og sala þeirra til A/F HEIM slhf. brýtur ekki í bága við nein lög eða reglur sem um tilboðshafa gilda.
- Skuldabréfin eru veðbanda- og kvaðalaus.
- Greiðsla þóknunar skal fara fram með millifærslu inn á eftirfarandi bankareikning:
kt. reikningseiganda: _____ Banki: _____ Reikningsnr.: _____
- Tilboðshafi heimilar Arctica Finance hf. að kanna eignarskráningu yfir skuldabréfunum hjá verðbréfamiðstöð til að ganga úr skugga um að hægt sé að fá breytingu á eignarhaldi skuldabréfanna skráða í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.
- Jafnframt heimilar tilboðshafi og veitir fullt og ótakmarkað umboð til Arctica Finance hf. til að gera allt það sem nauðsynlegt kann að vera til að A/F HEIM slhf. verði skráður eigandi skuldabréfanna, enda hafi tilboðshafi fengið greiðslu í samræmi við tilboðið og sjálfskuldarábyrgðin sé orðin eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna. Sé frekari aðgerða þörf af hálfu tilboðshafa til að A/F HEIM slhf. verði réttilega skráð eigandi skuldabréfanna skuldbindur tilboðshafi sig til að grípa til slíkra aðgerða án ástæðulauss dráttar eftir að beiðni um slíkt hefur borist tilboðshafa.

Staður og dagsetning

Undirritað f.h. tilboðshafa

Vottar að rétttri undirritun, dags. og yfirlýsingu um fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

FYLGISKJAL 3
SAMÞYKKISEYÐUBLAÐ

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í floknum HEIMA100646 -

Vísað er til tilboðsyfirlits, dags. 3. maí 2021, eins og því hefur verið breytt með viðauka, dags. 22. júní 2021 („**tilboðsyfirlitið**“), þar sem fram kemur tilboð A/F HEIM slhf. til allra eigenda skuldabréfa í floknum HEIMA100646 (IS0000027381) um að A/F HEIM slhf. kaupi öll útgefin skuldabréf í floknum á verði (tilboðsverð) sem samsvarar útistandandi höfuðstólsfjárhæð viðkomandi skuldabréfa, uppreiknuðu m.v. breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í samræmi við útgáfulýsingu HEIMA100646, auk áfallinna en ógreiddra vaxta á uppgjörssdegi, í samræmi við fyrrgreinda útgáfulýsingu og með greiðslu í formi nýrra skuldabréfa („**ný skuldabréf**“) að höfuðstólsfjárhæð sem samsvarar tilboðsverðinu („**tilboðið**“).

Skuldabréfaeigandi („**tilboðshafi**“)

Kennitala

Heimilisfang

Sími

Netfang

er eigandi skuldabréfa í floknum HEIMA100646 (IS0000027381) að nafnverði:

krónur

(hér eftir nefnd „**skuldabréfin**“).

Tilboðshafi samþykkir hér með tilboðið með þeim skilyrðum og skilmálum sem fram koma í tilboðsyfirlitinu með fyrirvara um að samþykkið er háð þeim skilyrðum að „sjálfskuldarábyrgðin“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu) hafi orðið virk eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna og að uppgjör viðskiptanna fari fram á „uppgjörssdegi“ (eins og það hugtak er skilgreint í tilboðsyfirlitinu). Með undirritun af sinni hálfu á samþykkiseyðublað þetta staðfestir og samþykkir tilboðshafi eftirfarandi:

- Tilboðshafi hefur kynnt sér ítarlega efni tilboðsyfirlitsins og skilur skilmála og skilyrði tilboðsins.
- Greiðsla tilboðsverðsins í formi nýrra skuldabréfa skal fara fram með afhendingu þeirra inn á eftirfarandi verðbréfareikning tilboðshafa og telst slík afhending fela í sér fullar efndir gagnvart tilboðshafa á þeim hluta tilboðsverðsins sem greiða skal með skuldabréfum:
Vörsluðili: _____ Nr. vörslureiknings.: _____
- Tilboðshafi er lögformlegur og raunverulegur eigandi skuldabréfanna og tilboðshafa er heimilt að selja skuldabréfin og sala þeirra til A/F HEIM slhf. brýtur ekki í bága við nein lög eða reglur sem um tilboðshafa gilda.
- Skuldabréfin eru veðbanda- og kvaðalaus.
- Greiðsla þóknunar skal fara fram með millifærslu inn á eftirfarandi bankareikning:
kt. reikningseiganda: _____ Banki: _____ Reikningsnr.: _____
- Tilboðshafi heimilar Arctica Finance hf. að kanna eignarskráningu yfir skuldabréfunum hjá verðbréfamiðstöð til að ganga úr skugga um að hægt sé að fá breytingu á eignarhaldi skuldabréfanna skráða í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.
- Jafnframt heimilar tilboðshafi og veitir fullt og ótakmarkað umboð til Arctica Finance hf. til að gera allt það sem nauðsynlegt kann að vera til að A/F HEIM slhf. verði skráður eigandi skuldabréfanna, enda hafi tilboðshafi fengið greiðslu í samræmi við tilboðið og sjálfskuldarábyrgðin sé orðin eða verði virk samhliða afhendingu skuldabréfanna. Sé frekari aðgerða þörf af hálfu tilboðshafa til að A/F HEIM slhf. verði réttilega skráð eigandi skuldabréfanna skuldbindur tilboðshafi sig til að grípa til slíkra aðgerða án ástæðulauss dráttar eftir að beiðni um slíkt hefur borist tilboðshafa.

Staður og dagsetning

Undirritað f.h. tilboðshafa

Vottar að rétttri undirritun, dags. og yfirlýsingu um fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

FYLGISKJAL 4

VIÐAUKI VIÐ RAMMASAMNING

**- í tengslum við tilboð A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í flokkunum HEIMA071225,
HEIMA071248 og HEIMA100646 -**

FYLGISKJAL 5

DRÖG AÐ ÚTGÁFULÝSINGU

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í flokknum HEIMA071225 -

FYLGISKJAL 6

DRÖG AÐ ÚTGÁFULÝSINGU

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í flokknum HEIMA071248 -

FYLGISKJAL 7

DRÖG AÐ ÚTGÁFULÝSINGU

- vegna tilboðs A/F HEIM slhf. til eigenda skuldabréfa í flokknum HEIMA100646 -

FYLGISKJAL 8

DRÖG AÐ SELJANDALÁNI

- vegna kaupa Heimstaden á skuldabréfum í floknum HEIMA071225 af A/F HEIM slhf. -

FYLGISKJAL 9

DRÖG AÐ SELJANDALÁNI

- vegna kaupa Heimstaden á skuldabréfum í flokknum HEIMA071248 af A/F HEIM slhf. -

FYLGISKJAL 10

DRÖG AÐ SELJANDALÁNI

- vegna kaupa Heimstaden á skuldabréfum í flokksnum HEIMA100646 af A/F HEIM slhf.